



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA**



Frá vorþingunni í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ 2010

**Fréttabréf DKG**

**Vefútgáfa vorið 2010**

## Efnisyfirlit

Frá ritnefnd.....	1
Ávarp landssambandsforseta Ingibjargar Jónasdóttur.....	2
Frá vorþinginu í Lágafellsskóla 17. maí .....	4
Stutt viðtal um leiðtogafærni við Helen Popovich. ....	7
Skýrslur deilda af vetrarstarfi 2009-2010 .....	9
Alfadeild.....	9
Ný stjórn í Alfa: .....	9
Betadeild .....	9
Ný stjórn í Beta: .....	12
Gammadeild .....	13
Ný stjórn í Gamma:.....	15
Deltadeild .....	15
Ný stjórn í Delta:.....	17
Epsilondeild .....	17
Ný stjórn í Epsilon:.....	18
Zetadeild.....	19
Ný stjórn í Zeta : .....	21
Etadeild.....	21
Ný stjórn í Eta .....	25
Petadeild.....	25
Ný stjórn í Þeta: .....	26
Jótadeild .....	26
Ný stjórn í Jóta:.....	27
Kappadeild.....	27
Ný stjórn í Kappa: .....	30

## Frá ritnefnd

Kæru systur í Delta Kappa Gamma, í vetur hafa útgáfu og upplýsingamál félagsins okkar verið nokkuð til skoðunar. Sú skoðun hefur að nokkru breytt útgáfumálunum. Í haust kom út hefðbundið prentað fréttabréf. Reynt var að hafa efni þess að mestu óháð ákveðnum tíma. Á vorþinginu var gefinn út bæklingur með styttnum kynningum á vetrarstarfi deilda og eðli samtakanna. Nú undir sumarið birtist svo hér á netinu óstytt yfirlit yfir vetrarstarfið auk ávarps landssambandsforseta Ingibjargar Jónasdóttur, fréttum af vorþingi og viðtals Sigrúnar Jóhannesdóttur við dr. Helen Popovich, fulltrúa alþjóðasamtakanna, sem var gestur samtakanna á vorþingi. Næsta haust stefnum við aftur að því að gefa út prentað fréttabréf.

Heimasíðan okkar er vissulega hluti af útgáfu- og útbreiðslumálum samtakanna og hana ættum við allar að leggja rækt við. Það gerum við með því að senda inn og benda á efni til birtingar og ekki hvað síst með því að heimsækja hana oft og lesa. Þannig getum við orðið virkir lesendur, sem segja hvað þeim hentar og hvernig útgáfumálunum sé best fyrir komið hjá samtökunum okkar.

Með þökk fyrir veturinn og von um gott og gjöfult sumar,  
ritnefnd úr Deltadeild,  
Jónína Eiríksdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Prúður Kristjánsdóttir



Ritnefnd að störfum

## Ávarp landssambandsforseta Ingibjargar Jónasdóttur



Kæru DKG systur

Skólastarfi er að ljúka, stemmning vors og sumars liggur í loftinu með hækkandi sól. Hugur okkar er með íbúum í nánd við Eyjafjallajökul. Þó gosi sé lokið, allavega í bráð, er erfitt að búa við endalaust mistur og drunga.

Vorþingið fór vel fram og heyri ég ekki annað en almenn ánægja hafi verið með erindi, umfjöllun og ramma þingsins í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ. Er menntanefndinni þökkúð góð störf og ánægjulegt samstarf. Á þinginu var fjallað um spennandi þróunarverkefni af öllum skólastigum og verður nánari umfjöllun um þingið sett á vefinn ásamt myndum. Daginn fyrir vorþingið hélt gestur okkar, Dr. Helen Popovich frá alþjóðasamtökunum, leiðtoganámskeið, sem 26 konur sóttu. Hún fjallaði um lykilatriði í leiðtogafræðum og fóru flestar okkar heim með hugmyndir sem við getum nýtt í starfi og viðfangsefnum, þrátt fyrir að þátttakendur hafi verið mjög reyndir leiðtogar og margar jafnvel að kenna þessi fræði. Aldrei fer það svo að ekki lærist eitthvað nýtt og kveikt sé á einhverjum þerum.

Stjórnarskipti í deildum verða 1. júlí næstkomandi. Ör stjórnarskipti er eitt af því sem gefur samtökunum gildi. Nýjar hugmyndir fá að blómstra og njóta sín, engum er ofgert. Það er gefandi að taka þátt í stjórnun DKG þar sem jákvæðni, hjálpssemi og vinátta er höfð að leiðarljósi. Við leggjum inn og fáum margfalt til baka. Ég þakka fráfarandi stjórnnum gott starf og býð nýjar stjórnir velkomnar.

Í DKG á Íslandi eru nú 288 konur í 10 deildum. 41 kona hefur gengið til liðs við samtökin á síðustu tveimur árum og er það gleðiefni. Ég býð þær innilega velkomnar. Fjölgun á landsvísu er þó ekki nema 23 konur, því 18 hafa því miður ákveðið að segja sig úr samtökunum. Unnið er að stofnun tveggja nýrra deilda næsta vetur og náum við þá að verða 0.01% af landsfjölda. Ekki slæmt, en gleymum því þó ekki að félagafjöldi er ekki markmið í sjálfu sér, heldur gæði starfsins. Ef tekið er mið af skýrslum stjórna þá er öflugt starf unnið í hverri deild. Lögð er áhersla á að félagar styrki sig og sína, efla sig að fróðleik og fræðimennsku og nái að hafa gaman í bland. Ég hef heimsótt nær allar deildir í vetur og hefur það gefið mér mikið að finna kraftinn, áhugann og gleðina sem ríkir í deildunum. Allsstaðar er verið að vinna að merkilegum hlutum, bæði í starfinu sjálfu, endurmenntun og meðvitund um nærumhverfið. Ég þakka kærlega fyrir að fá að taka þátt í þessu með ykkur.

Opnuð var síða á netinu, “Góðir hlutir gerast”, þar sem hægt er að senda inn slóðir um áhugaverð efni sem þið vitið af í nánasta umhverfi ykkar eða eruð að vinna sjálfar að. Ekki hefur mikið komið inn ennþá, en ég veit að það er af nógu að taka. Það er áhugavert að sjá hvað DKG konur eru að vinna að margvíslegum verkefnum víðsvegar í þjóðfélaginu.

Fjórar konur leggja land undir fót í júlí og fara til Spokane á alþjóðþingið. Mikil áhersla verður lögð á lagabreytingar á þessu þingi en unnið hefur verið gríðarmikið starf á alþjóðavísu síðastliðin tvö ár og hefur Sigrún Klara tekið þátt í því. Þær breytingar sem verða samþykktar í

sumar munu krefjast lagfæringa á lögum okkar og reglugerð . Laganefnd og lögsögumaður hafa unnið við að fara í gegnum fyrirhugaðar breytingar og eru í startholunum við að endurskoða okkar lög og reglugerð. Í kjölfarið verður handbókin endurskoðuð enn og aftur.

Fyrirhugaðar eru einnig breytingar á alþjóðanefndum. Í kjölfar þess munum við fara í naflaskoðun og endurskoða nefndir og innra starf. Ef vilji er til breytinga verða þær lagðar fyrir landssambandsþing næsta vor. Ég hef litið yfir starf undanfarinna ára og rætt við fyrrverandi forseta og stjórnarkonur; í ljós kemur að endurskoðun hefur verið unnin jafnt og þétt öll þau ár sem samtökin hafa starfað hér á landi.

Breyting er ekki markmið í sjálfu sér og nauðsynlegt er að halda í ákveðna formfestu. Með því að vera vakandi fyrir nýjungum og tilbúnað að bæta og breyta höldum við okkur lifandi og gefandi. Það er líka gott að komast að því í bland að engra breytinga er þörf og að það sem við höfum, þjóni tilgangi sínum.

En ég bið ykkur um að koma hugmyndum eða tillögum, sem þið viljið koma á framfæri og jafnvel taka þátt í að koma í framkvæmd, til okkar í landssambandsstjórninni og við tökum vel á móti ykkur.

Læt ég fylgja vísu frá Þórarni Eldjárn úr nýútkominni bók Vísnaþýsn:

Eitt menn sjá

ef þeir gá

og grufla í:

Maður má

og maður á.

Munur er á því.

Ég óska ykkur gleðilegs sumars og þakka fyrir veturinn.

Ingibjörg Jónasdóttir

## Frá vorþinginu í Lágafellsskóla 17. maí

### GÓÐIR HLUTIR GERAST

Vorþing Delta Kappa Gamma haldið í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ 17. apríl 2010

#### Dagskrá:

09:30 Morgunhressing - kaffi og kleinur

10:00 **Þingsetning** - Ingibjörg Jónasdóttir, forseti landssambands Delta Kappa Gamma

**Upplestur** - Fjóla Ólafsdóttir sigurvegari Stóru upplestrarkeppninnar og nemandi í Lágafellsskóla.

**Ávarp** - Dr. Helen Popovich frá alþjóðasamtökum DKG



#### Erindi:

10:40 **Þróun útikennslu í Kársnesskóla og á heilsuleikskólanum Urðarhóli** - Björg Eiríksdóttir kennari og Gerður Magnúsdóttir leikskólakennari

11:30 **Borgarfjarðarbrúin** - þróunarverkefni um samfellu milli grunn- og framhaldsskóla - Gunnhildur Harðardóttir, verkefnisstjóri

12:20 Hádegisverður

13:00 **Hugmyndafræðin að baki Prisma** - Prisma er þverfaglegt diplómanám. Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skipulögðu námið í samvinnu við ReykjavíkurAkademiuna - Hrunn Gunnsteinsdóttir, forstöðukona Prisma

13:40 **Stýrðu sjálf eigin lífi** - Sigríður Hulda Jónsdóttir, forstöðumaður stúdentþjónustu HR

14:30 **Góðir hlutir gerast** - Jón Torfi Jónasson forseti menntavísindasviðs HÍ

**Fiðluleikur** - Sigrún Harðardóttir fiðluleikari og fyrrverandi nemandi í Lágafellsskóla

15.30 **Þingslit** - Ingibjörg Jónasdóttir forseti landssambands Delta Kappa Gamma

Síðdegishressing

### Nokkrir punktar um erindin:

#### Þróun útikennslu í Kársnesskóla og heilsuskólanum Urðarhóli í Kópavogi

Mæðgurnar Björg Eiríksdóttir kennari við Kársnesskóla og dóttir hennar Gerður Magnúsdóttir kennari við leikskólann Urðarhól sögðu frá því í máli og myndum hvernig útikennsla beggja skólanna hefur þróast og tvinnast saman í tímans rás vegna þess að þær ræddu málin saman og fundu tilgang og gleði í því að báðir skólarnir á Kársnesinu nýttu sama svæðið til útikennslu. Á svæðinu, sem þegar er til staðar og þær kalla „Ævintýraskóg“ mega allir koma, og hópar beggja skólanna hafa hist þar og átt sameiginlegar ævintýra- og námstundir.

### **Borgarfjarðarbrúin: Þróunarverkefni um samfellu milli grunn- og framhaldsskóla**

Gunnhildur Harðardóttir, verkefnisstjóri, sagði frá Borgarfjarðarbrúnni sem er samstarfsverkefni grunnskóla Borgarbyggðar og Menntaskóla Borgarfjarðar. Markmiðið með verkefninu er að skapa samfellu milli grunn- og framhaldsskóla og auka sveigjanleika milli skólastiganna þannig að nemendur geti lokið stúdentspróf á 3 árum. Með þessu er leitast við að koma til móts við breytilegar þarfir nemenda og er lokamarkmiðið betri menntun, minna brottfall og aukið sjálfstæði og frumkvæði nemenda. Faghópar kennara fóru í gegnum námskrár grunn- og framhaldsskóla og könnuðu skörun á námsefni. Ákveðið var að leggja sérstaka áherslu á læsi vegna slakrar útkomu í könnun á lesskilningi nemenda. Hóparnir hittast reglulega og stefnt er að því að gera heildstæða námskrá frá 8. bekk til 13. bekkjar (stúdentsprófs). Þessi námskrárvinna hefur gefið kennurum mjög mikið og faglegt starf í skólunum jókst. Fimmtán grunnskólanemendur stunduðu nám á báðum skólastigum veturinn 2008-2009. Auk þess að taka venjulega áfanga var nemendum gefinn kostur á að taka stakar einingar innan áfanga, en það reyndist örðugra í framkvæmd en reiknað var með. Rætt hefur verið um að bæta við aukaári (11. ári) við grunnskólann fyrir þá nemendur sem af einhverjum ástæðum eru ekki tilbúnir til að fara beint í framhaldsskólann. Gunnhildur sagði að það væri mat kennara að mikið hefði áunnist í þessu samstarfi. Mikil kennslufræðileg umræða hefði verið í skólunum, hugarfarsbreyting gagnvart námi, aukin námsleg hvatning fyrir nemendur svo og ábyrgð á eigin námi.

### **Prisma:**

Hrund Gunnsteinsdóttir, forstöðukona Prisma, lýsti náminu og hugmyndafræðinni að baki því. Prisma er nýtt þverfaglegt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skipulögðu í samvinnu við ReykjavíkúAkademíuna. Námið var sett á laggirnar sem viðbrögð Listaháskólans og Háskólans á Bifröst við því ástandi sem skapaðist hér á landi í kjölfar bankahruns. Námið stendur yfir í 8 vikur samfleytt og útskrifast nemendur með 16 eininga (ECTS) diplómagráðu. Meginþáttur í aðferðafræði kennslu og fyrirkomulags er skapandi og gagnrýnin hugsun og kjarnagreinar eru fræðigreinar lista og heimspeki. Hrund ræddi um fræðimanninn Robinson sem leggur mikla áherslu á skapandi hugsun og nauðsyn þess að styrkja hana innan skólakerfisins. Hraði og áreiti nútímasamfélagsins dregur úr skapandi hugsun og meðvitund okkar á umhverfinu en skapandi hugsun og rökhugsun eru þeir tveir „rythmar“ sem eru kjarninn í okkur og gera okkur að þeim einstaklingum sem við erum. Tilgangurinn með Prisma er að hjálpa nemendum að sjá meira (með öllum skynfærum) og setja á rönguna (brjóta niður landamæri hugans), setja í samhengi og skapa sitt eigið! Tileinka sér hlutinn og nota hann/fræðin sem verkfæri.

### **Stýrðu sjálf eigin lífi:**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, forstöðumaður stúdentþjónustu Háskólans í Reykjavík, benti okkur fundarkonum á mikilvægi þess að gefa sér tíma til þess að huga að eigin lífi og líðan í amstri hversdagsins. Hún sagði mikilvægt fyrir konur að huga að sjálfsvirðingu sinni og að setja sér skýr

mörk. Við þurfum að þekkja drauma okkar og langanir og íhuga hvort við erum útsprungin blóm eða bara knúppar. Hugrekki er lykilorðið – við verðum að þora að lifa því lífi sem við viljum lifa! Við þurfum að einfalda líf okkar, gefa okkur tíma fyrir okkur sjálfar og gera okkur grein fyrir hvað við þurfum að gera til þess að geta liðið vel. Lítum til baka, skoðum líflínu okkar og spyrjum: Hvar voru stóru steinarnir – hvað veitti mér mesta gleði?

### **Tryggjum góðum hlutum líf:**

Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ræddi um góðar hugmyndir sem komið hafa fram í kennslumálum í árána rás og spurði þriggja spurninga:

- Hvernig fáum við nýjar hugmyndir fram? Svar : Með sterku fagfólki
- Hvernig tryggjum við að þær séu einhvers virði? Svar : Þær verða að vera framkvæmanlegar
- Hvernig tryggir maður líf góðra hugmynda? Svar : Þær verða að ríma við hugmyndir samstarfsfólks, skólastjórnar, foreldra og matskerfis.

Jón Torfi minnti á kenningar John Dewey um mikilvægi þess að nemendur og kennarar ræði saman, en John Dewey sagði að skólinn ætti að vera lifandi samfélag þar sem nemendur væru virkir þátttakendur og ynnu sameiginleg verkefni undir handleiðslu kennara. Einnig sagði Jón Torfi mikilvægt að rækta samband heimilis og skóla. Hann lauk orðum sínum með því að vitna í umræðu Larry Cuban um muninn á “Good teaching” og “successful teaching” og spurði að lokum: Til hvers er skólinn?

Óhætt er að segja að vorþingið hafi heppnast einstaklega vel, aðsókn var góð og allur aðbúnaður og viðurgjörningur til fyrirmyndar. Úti beið gestanna sól og blíða.





## Stutt viðtal um leiðtogafærni við Helen Popovich. Sigrún Jóhannesdóttir

Á vorþingi landssambandsins 2010 fengum við til okkar góðan gest frá alþjóðasamtökunum, Helen Popovich. Hún hélt fyrir okkur stutt leiðtoganámskeið daginn fyrir þingið og einnig flutti hún okkur ávarp á þinginu sjálfu.

Samtökin okkar vinna að því með ýmsum hætti að efla leiðtogafærni félagskvenna. Það kemur m.a. fram í skiplagi og uppbyggingu félagsstarfsins þar sem áhersla er lögð á að sem flestar félagskonur þjálfist í að stjórna og mikið kapp er lagt á að aðstoða þær í að efla sig með námskeiðum og aðgengilegum upplýsingum um hvaðeina sem snertir félagsstarfið. Það var því mikill fengur að fá svo hæfa konu sem Helen til að miðla okkur af þekkingu sinni og reynslu.



Þar sem aðeins hluti okkar félagskvenna kom á námskeiðið og vorþingið fannst okkur í ritnefndinni tilvalið að fá við hana stutt viðtal í vorútgáfu fréttabréfsins og birtist það hér eins og hún svaraði á ensku.

### Who is Helen Popovich?



She earned her B.A. and M.A. at the University of Texas-El Paso. She began teaching high school English, speech, and drama when she was 19 and was initiated into her mother's chapter of Delta Kappa Gamma when she was 25. Later, after earning a Ph.D. in English at the University of Kansas, she worked in higher education in Florida, Minnesota, and Michigan as a teacher and administrator, including 11 years as a university president.

When she retired, after 43 years in education, Helen became a self-employed higher education and professional development consultant and an avid volunteer.

But, primarily, she is an active Delta Kappa Gamma member. She is her local chapter's secretary. She is past president of Alpha Iota State-Michigan and currently serves as state parliamentarian. At the international level, after completing her term on the Board and as chairman of the Delta Kappa Gamma Educational Foundation, Helen was elected to serve on the international Administrative Board as an International Member-at-Large (2006-2010). She is a member of the international Strategic Planning Committee and the Committee to Study the International Committee Structure. Also, during the 2006-2008 biennium she and Jensi Souders conducted a Society-wide Successful Chapter Practices Survey to learn what strategies and practices and attitudes make chapters successful.

**What is the main leadership challenges which the Delta Kappa Gamma society faces today?**

Delta Kappa Gamma has excellent leaders and excellent leadership training at the international and state levels. Since many of these leaders are no longer active classroom teachers and most of them have had no experience working in non-school settings or in countries other than their own, their major challenge is to consistently shape the Society to meet the needs of each new generation of educators, of educators from non-school settings, and of educators from cultures and countries other than their own.

In many states, chapters have difficulty in persuading members to take leadership positions. Thus, a major challenge for the Society is to enable members at the chapter level to develop the confidence, skills, and desire to become leaders.

The Society needs to expand and diversify its membership and to develop strong leaders who will activate its vision of being Key Women Educators, Impacting Education Worldwide.

**What leadership advices can you give to the new chapter presidents who are now taking their first leading action in their chapters?**

Work with your Executive Board to establish the chapter goals for the biennium. What will your chapter do to carry out the purposes of Delta Kappa Gamma over the next biennium? What will your chapter do to become even stronger two years from now? What will your chapter do to improve education in your community? What will your chapter do to help your own members grow personally and professionally?

Be sure that each officer and committee chair understands what her duties are (as expressed in the Constitution and your state bylaws) and sees what she will need to do to enable the chapter to meet its goals.

Look for ways to give your members leadership opportunities. Encourage them to accept responsibilities, support them as they do their work, and recognize them for their achievements.

Encourage members, especially new members to go to state conferences and conventions.

Strong chapters are chapters in which all of the members are actively involved in programs and projects that carry out the purposes of the Society. Involve every member in the chapter's work. Give each member something meaningful to do.

Enjoy leading your chapter and celebrating your members' good work.

I hope these answers will be helpful, or at least stimulate some discussion.

## Skýrslur deilda af vetrarstarfi 2009-2010

### A $\alpha$ Alfadeild

Starfi Alfadeildar veturinn 2009- 2010 fer að ljúka á næstu dögum, aðalfundur verður haldinn 26. apríl nk. og verður kosin ný stjórn. Meðlimir núverandi stjórnar hafa setið meira og minna í stjórn síðustu fjögur árin og sumir lengur. Næstu stjórn er óskað góðs gengis. Endurnýjun hefur verið nokkur og hafa 8 nýjar konur verið teknar í deildina á síðustu tveimur árum og eru félagskonur nú 40 talsins. Í vetur hafa verið haldnir fimm fundir og verður aðalfundurinn sá sjötti í röðinni. Fjallað hefur verið um listmenntun, leikskólamenntun og fleira en á síðasta fundi voru málefni framhaldsskólans á dagskrá. Þá kom Sölvi Sveinsson sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu á fundinn og talaði um breyttar áherslur í kjölfar nýrra laga.

#### Ný stjórn í Alfa:

Formaður var kjörin á aðalfundi, Marta Guðjónsdóttir. Aðrir stjórnarmenn voru kosnir: Erna Jessen, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir og Steinunn Ármannsdóttir. Stjórnin mun síðan sjálf velja sér gjaldkera.

Fundir hafa verið vel sóttir og gefandi og ég er þess fullviss að svo verður áfram á næstu árum.

Erna Árnadóttir

### B $\beta$ Betadeild

Betadeild er önnur elsta deild samtakanna en hún var stofnuð 2. júní 1977. Deildin er skipuð konum á Norðurlandi eystra. Flestar félagskonur eru búsettar á Akureyri en einnig hefur deildin á að skipa konum úr Eyjafjarðarsveit og frá Húsavík. Betasystur eru 28 að tölu og undanfarin ár höfum við meðvitað reynt að fá ungar konur til liðs við deildina svo endurnýjun ætti sér stað. Við getum því núna státað af nokkuð breiðu aldursbili, því sú elsta er fædd árið 1929 en sú yngsta 1971. Samheldni og vinátta einkennir deildina og má segja að hópurinn sé eins og ein stór fjölskylda. Á það ekki síst við þegar eitthvað bjátar á í daglega lífinu, en þá eru Betasystur ætíð reiðubúnar að styðja og styrkja hver aðra ef á þarf að halda.

Þema deildarinnar starfsárið 2009–2010 er: „Jákvæðni og gleði“ og var þemað sýnilegt á ýmsum



sviðum í starfi deildarinnar í vetur. Bæði kom það fram í viðfangsefnum funda sem og í hugleiðingum félagskvenna undir dagskrárliðnum „Orð til umhugsunar“. Einhverjar höfðu á orði að Betasystur væru alltaf jákvæðar og glaðar og þyrfti ekki sérstakt þema til þess ☺.

Vetrarstarf Betadeildar starfsárið 2009–2010 hófst föstudaginn 11. september og var þessi fyrsti fundur haldinn að Laugum í Reykjadal. Síðastliðið vor þegar Betasystur voru á heimleið frá

landssambandsþinginu á Hallormsstað og höfðu notið þess að heimsækja húsnaði húsmæðraskólans þar, kviknaði sú hugmynd innan hópsins að gaman gæti verið að skoða og kynna sér húsnaði og sögu Húsmæðraskólans að Laugum í Reykjadal en það var sá húsmæðraskóli sem margar norðlenskar stúlkur sóttu á sínum tíma en skólahald þar hefur nú verið lagt niður. Ákveðið var að framkvæma þessa hugmynd og föstudaginn 11. september settust Betasystur upp í rútu og héldu saman austur að Laugum.

Heimsóknin hófst í framhaldsskólanum þar sem Arnór Benónýsson kennari við skólann tók á móti okkur. Hann fræddi okkur um sögu skólans og starfið eins og það er í dag en undanfarin ár hefur verið unnið forvitnilegt þróunarstarf í skólanum, sem fól í sér miklar breytingar. Sverrir Haraldsson kennari við skólann fræddi okkur svo um grunnskólann og það starf sem þar fer fram og gekk með okkur um svæðið þar sem hann benti okkur á ýmislegt merkilegt á þessum fallega stað. Göngutúrinn endaði við Húsmæðraskólann á Laugum þar sem Aðalbjörg Pálsdóttir kvenfélagskona tók á móti okkur. Hún sagði okkur frá merkilegri sögu skólans og sýndi okkur húsið en þar var margt að sjá sem gladdi augað. Heimsókninni lauk að Stóru-Laugum þar sem Betasystur funduðu og snæddu saman dýrindis kvöldverð. Drög að starfsáætlun vetrarins voru kynnt á þessum fundi en áformað er að hafa níu fundi í vetur. Tveir fundanna verða þó óhefðbundnir þar sem mæting er frjál.

Októberfundurinn var haldinn í húsnaði Menntaskólans á Akureyri. Rósa Kristín Júlíusdóttir Betasystir kynnti okkur þá kúnt að lesa myndverk. Að loknum fyrirlestri Rósu skiptum við okkur í hópa og æfðum okkur í að lesa myndverk á veggjum skólans en af nógu er að taka í þeim efnum bæði á göngum og í kennslustofum. Höfðum við allar hina bestu skemmtun af þessum lestri um leið og við fengum smá innsýn í heim listarinnar.





Þann 12. nóvember var sá fyrri af tveimur óformlegum fundum Betadeildar haldinn. Þá stormuðu Betasystur á snyrtistofuna Lind hér á Akureyri þar sem Lovísa snyrti- og förðunarfræðingur, dóttir Jóhönnu Þorsteinsdóttur Betasystur, tók á móti okkur. Við töldum okkur hafa lesið það í „lærðum ritum“ að vel snyrt kona væri bæði „jákvæð og glöð“ og í anda þema okkar var því ákveðið að kynna sér aðeins þau fræði sem flokka má undir fegurð. Lovísa leiddi okkur í allan sannleik um það hvernig best væri að umgangast hin ýmsu fegrunarmeðul sem snyrtistofan býður upp á og að lokinni þeirri kynningu var yngsta Betasystirin kölluð upp og við hinar fengum sýnikennslu í því hvernig best væri að standa að förðun með þeim

vörum sem snyrtistofan býður til kaups. Er vægt til orða tekið að segja að Betasystur skemmtu sér vel þetta kvöld og að fundi loknum fórum við saman á kaffihús áður en haldið var heim.

Jólafundur deildarinnar var haldinn í húsnæði Verkmenntaskólans á Akureyri þann 30. nóvember og var hátíðlegur að vanda. Það er orðin hefð á jólafundi að fá til okkar gesti sem kynna fyrir okkur jólaeða trúarsíði annarra þjóða. Jólagesturinn að þessu sinni var Meredith Cricco frá Bandaríkjunum. Hún sagði okkur frá þakkagjörðarhátíðinni sem er alltaf haldin síðasta fimmtudag í nóvember. Það er eins konar fjölskylduhátíð þar sem mikið er borðað. Hún sagði líka frá því hvernig hennar fjölskylda heldur upp á jólin á Íslandi. Þegar hún hafði lokið frásögn sinni svaraði hún ýmsum spurningum sem brunnu á vörum Betasystra. Að vanda snæddum við svo saman ljúffengar „jólakrásir“ og rifjuðum upp jólalögin inn á milli atriða.

Bókafundur deildarinnar var á sínum stað 14. janúar. Á þessum fundi kynna félagskonur í stuttu máli þær bækur sem þær hafa lesið nýlega. Þetta er vinsælt fundarefni og bókafundurinn ævinlega vel sóttur. Bókafundurinn í ár var haldinn á heimili Bjarkar Sigurðardóttur í Eyjafjarðarsveit. Voru margar áhugaverðar bækur kynntar en lista yfir þær má finna á heimasíðu deildarinnar.

Febrúarfundurinn var haldinn í húsnæði Lundarskóla mánudaginn 22. febrúar. Gestur fundarins var Hafsteinn Jakobsson framkvæmdastjóri Rauða kross-deildarinnar á Akureyri. Hann sagði okkur frá mjög svo fjölbreyttri starfsemi Rauða krossins og ekki síst Akureyrardeildarinnar sem stofnuð var 1925 og er elsta deildin á landinu en þær eru 50 talsins. Var þetta mjög áhugavert innlegg frá Hafsteini og sköpuðust talsverðar umræður í kjölfarið á fyrirlestri hans.

Marsfundur deildarinnar sem jafnframt var svokallaður „leshringsfundur“ var haldinn í Hrafnagilsskóla miðvikudaginn 17. mars. Betasystur eru miklir lestrarhestar og er það orðin eins konar hefð að hafa einn leshringfund á vetri. Á bókafundinum í janúar voru valdar tvær bækur til lestrar. Það voru bækurnar **Harmur englanna** eftir Jón Kalmann og **Mæling heimsins** eftir Daniel Kehlmann. Betasystur tóku virkan þátt í umræðum um bækurnar og var gerður góður rómur að þeim báðum þó vissulega hafi þær átt fátt sameiginlegt. Á þennan fund fengum við tvo góða gesti „að sunnan“, en það voru þær Ingibjörg Jónasdóttir landssambandsforseti og Ingibjörg Einarsdóttir í Gammadeild. Ingibjörg Einarsdóttir var hér stödd á vegum „Stóru upplestrarkeppinnar“ sem hún stjórnar af mikilli fagmennsku og má því segja að það hafi hæft vel tilefninu að mæta svo á bókafund hjá okkur.



Í aprílmánuði er enginn formlegur fundur á dagskrá Betadeildar en Betasystur ætla samt að taka sig saman og fara í leikhús í lok mánaðarins. Er ætlunin að heimsækja eitthvert áhugamannaleikhúsið hér í nágrenninu.

Lokapunkturinn á vetrarstarfinu er svo aðalfundur deildarinnar sem áformað er að halda föstudaginn 28. maí heima hjá Ernu Gunnarsdóttur. Sú hefð hefur skapast á lokafundi að gera sér sérstaklega glaðan dag og borða saman hátíðarmáltíð. Konur skipta með sér að koma með veitingar og eru veitingar ávallt hinar glæsilegustu.

Auk þeirra viðfangsefna sem hér hafa verið talin upp öfluðum við fjár á hefðbundinn hátt í formi happdrættis þar sem safnað er í eigin sjóð m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Þennan vetur eins og undanfarna vetur hefur einnig lítil pyngja gengið á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Að aðalfundi loknum er UNICEF færður sjóðurinn.

Fram til þessa hefur verið mjög góð mæting Beta systra á fundi og hafa þær verið virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna enda er áhersla lögð á að virkja allar konur með einum eða öðrum hætti í vetrarstarfinu. Auk starfa fyrir deildina hafa Betasystur einnig tekið virkan þátt í starfinu á landsvísu. Ingibjörg Auðunsdóttir starfar sem ritari landsambandsstjórnar og Anna Þóra Baldursdóttir starfar með stjórn sem fráfarandi landssambandsforseti. Þær Þórunn Bergsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Guðrún H. Björnsdóttir sitja í fjárhagsnefnd og Helga Thorlacius er fulltrúi samtakanna í European Forum. Eygló Björnsdóttir formaður Betadeildar, er vefstjóri deildarinnar og gegnir jafnframt starfi sem vefstjóri landsambandsins og European Forum. [Myndir](#) frá öflugu starfi deildarinnar má finna á vef deildarinnar.

Fyrir hönd Betadeildar, Eygló Björnsdóttir formaður.

### Ný stjórn í Beta:

Þorgerður Sigurðardóttir formaður, Jónína Hauksdóttir, Hanna Salómonsdóttir og Þórunn Bergsdóttir. Sigrún Aðalgeirsdóttir mun starfa sem gjaldkeri stjórnar og ég (E.B.) mun starfa með stjórn sem fráfarandi formaður.

## ΓΥ Gammadeild

Stjórn Gammadeildar hittist í ágúst til að undirbúa vetrarstarfið. Rannsóknir í kennslu í víðu samhengi var yfirskrift vetrarins ásamt menningu. Einnig vildum við fjalla um félagið okkar Delta Kappa Gamma, möguleikana sem felast í því að vera félagi og hvernig við viljum starfa í Gammadeild í nánustu framtíð.

Í Gammadeild eru nú 37 konur af Reykjavíkursvæðinu. Deildin er rúmlega 30 ára og aldursdreifing kvennanna frá rúmlega fertugum til tæplega níræðra kjarnorkukvenna. Starfsumhverfi Gammasystra er fjölbreytt. Má þar nefna kennara á öllum skólastigum, skólastjórnendur, starfsmenn Menntamálaráðuneytis og fræðsluskrifstofa. Einnig eru margar á eftirlaunum.

Við byrjuðum að vanda á því að heimsækja safn á Reykjavíkursvæðinu í september. Fyrir valinu varð að þessu sinni Hönnunarsafn Íslands. Við fengum góða leiðsögn um safnið og höfðum gaman af m.a. að skoða húsgögn sem leiddu huga okkar til unglingsáranna t.d. svefnsófa og skatthol. Á eftir var farið á veitingahús þar sem tími var til að spjalla meðan borðað var, einnig sagði Árný Elíasdóttir frá Evrópuþingi Delta Kappa Gamma í Osló.



Á næsta fundi í október fræddumst við um starfendarannsóknir. Hafdís Ingvarsdóttir dósent við Háskóla Íslands flutti fræðandi fyrirlestur um hvernig starfendarannsóknir fara fram, nefndi dæmi og svaraði mörgum fyrirspurnum. Góður rómur var gerður að þessum fundi þó ekki væru allir sáttnir við orðið starfendarannsóknir. Komu aðrar tillögur um nafn og enn er sú umræða í gangi.

Kristrún var með orð til umhugsunar og ræddi um mikilvægi rannsókna í skólstarfi.

Nóvemberfundurinn var helgaður félaginu okkar Delta Kappa Gamma. Sigrún Hannesdóttir kom í heimsókn og fræddi okkur um félagið. Þetta var mjög góð upprifjun og nýr fróðleikur fyrir fjóra nýja féлага í deildinni sem var boðið á þennan fund. Þessir tilvonandi félagar kynntu sig á fundinum. Að erindi og fyrirspurnum loknum var fjallað um starf deildarinnar í nánustu framtíð. Meginniðurstaðan var að haldið skyldi áfram í sama dúr og undanfarin ár og reynt að hafa ávallt eitthvað áhugavert á dagskrá en gleyma ekki að hafa gaman saman.

Jólafundurinn var með hefðbundnu sniði. Vilborg Dagbjartsdóttir las upp ljóð til að móta stemminguna. Rithöfundurinn í þetta sinn var Kristín Marja Baldursdóttir. Hún las úr nýútkominni bók sinni og spjallaði um starf sitt. Mjög ánægjulegt að fá þennan góða gest. Hápunktur fundarins var þó inntaka nýrra féлага sem tókst mjög vel og var hátíðleg. Á eftir gæddu konur sér á kræsingum af sameiginlegu hlaðborði spjölluðu og sungu síðan saman jólalög og voru þá allar komnar í jólaskap.

Janúarfundurinn var aftur helgaður rannsóknum í kennslu. Í þetta sinn var það Gammakonan Jóhanna Einarsdóttir prófessor í Háskóla Íslands sem sagði frá starfendarannsókn sem er í gangi um tengsl leik- og grunnskóla. Þetta var mjög fróðlegt og við hlökkum til að fá að heyra um niðurstöður rannsóknarinnar þegar þar að kemur. Á fundinn buðum við konum í Epsilondeildinni á Suðurlandi.

Ein úr þeirra hópi var með orð til umhugsunar og fjallaði m.a. um hversu vel yngstu börnin í grunnskólanum geta komist að orði. Eftir veitingar og spjall kynntu allir sig og fóru þá ýmsar Gammakonur á kostum. Mjög gaman var að fá Epsilonkonur í heimsókn.



Febrúarfundurinn var sérstakur og ákaflega minnisstæður en þá var umfjöllunarefnið Rauðsokkahreyfingin frá ýmsum hliðum. Tilefni þessarar umfjöllunar var mynd um Rauðsokkur sem sýnd var í ríkissjónvarpinu. Í myndinni kom í ljós að nokkrar konur í Gammadeild voru stofnendur og virkir félagar í Rauðsokkahreyfingunni. Stjórninni fannst því upplagt að fá þær stóllur Vilborgu Dagbjartsdóttur, Kristínu Jónsdóttur og Gerði Óskarsdóttur til að fjalla um starfið í hreyfingunni á þann hátt sem hver um sig óskaði. Vilborg sagði frá

tilurð og fyrstu skrefum hreyfingarinnar, Kristín frá fjölbreyttu starfi og hugmyndaflugi kvenna í hreyfingunni og Gerður velti m.a. fyrir sér hvað hún hefði lært af því að starfa með Rauðsokkum og hvernig sú reynsla hefði reynst henni notadrjúg í ýmsum störfum síðar. Óhætt er að segja að þessar konur fóru á kostum og við hinar sátum hugfangnar og hlustuðum. Margt sem þarna kom fram vakti okkur til umhugsunar um að margt hefur áunnist í jafnréttisbaráttu en einnig að alltaf er verk að vinna á þessum vettvangi og að konur eru miklir baráttujaxlar.

Jóhanna Einarsdóttir var með orð til umhugsunar og las upp ljóð um hina „fullkomnu“ húsmóður.

Í mars snérum við okkur aftur að rannsóknum og fengum Gammakonuna Sigrúnu Aðalbarnardóttur prófessor í Háskóla Íslands til að segja okkur frá þeim rannsóknum sem hún stundar núna um lýðræðisleg vinnubrögð í skólum og áhrif þeirra á ánægju nemenda í skólanum. Mjög fróðlegt efni og áhugavert. Stefanía Arnórsdóttir var með orð til umhugsunar og las hluta úr ferðalýsingu þar sem fjallað var um mismunandi siði í landi hverju og hversu mikilvægt er að vita um þá en jafnframt oft flókið að vita hvernig á að haga sér í framandi landi.

Vorfundurinn er eftir sem jafnframt er aðalfundur. Verður hann haldinn við Elliðavatn í lok maí og mun þá núverandi stjórn láta af störfum og ný taka við.



Við höfum fengið góða gesti til að fræða okkur í vetur en einnig nýtt okkur mannauð deildarinnar og frætt hver aðra.

Björg Eiríksdóttir formaður Gammadeildar

### Ný stjórn í Gamma:

Kristín Jónsdóttir formaður

Helga Halldórsdóttir

Gerður G. Óskarsdóttir

Kristjana Stefánsdóttir

## Δδ Deltadeild

Vetrarstarfið hjá okkur í Delta- deild hófst í Borgarnesi þann 7. október.

Þar sem við störfum á mjög dreifðu svæði þá hefur skapast sú hefð að halda fundi sem víðast. Einn í Borgarnesi, einn í uppsveitum Borgarfjarðar einn á Akranesi, einn á Snæfellsnesi eða í Dölum og svo einn í Reykjavík.

Við höfðum ákveðið stjórnin að dreifa ábyrgðinni og fá konur til að skipuleggja fundina, en lögðum þá línu að leita eftir áhugaverðum verkefnum sem unnin eru af konum í umhverfi okkar. Nú fengum við konur í Borgarnesi til að skipuleggja fundinn þar og fengu þær Sigríði Margréti Guðmundsdóttur til að segja frá stofnun Landnámsseturs Íslands.



Halldóra Jónsdóttir fær happdrættisvinning á fundi í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Næsti fundur var haldinn í Reykholti þann 28.nóvember. Það voru uppsveita-konur sem höfðu veg og vanda af undirbúningi þess fundar og fengu þær Kristínu Ólafsdóttur, sem búsett er í Véum í Reykholti til að koma og segja okkur frá rannsóknarverkefni sínu *Listir og listnám í skólastarfi*, en hún var í rannsóknarleyfi frá HÍ menntavísindasviði í vetur. Kristín Thorlacius sagði okkur svo frá ferð sinni til Írans í orðum til umhugsunar. Að þessum fundi loknum fórum við flestar á aðventutónleika í Reykholtskirkju en sú hefð hefur skapast hjá okkur .

Í febrúar hittumst við á bókasafninu á Akranesi en það hefur nýlega verið flutt í ný húsakynni. Þar tók Skagakonan Halldóra Jónsdóttir á móti okkur og sýndi okkur safnið en erindi fundarins flutti Sigurveig Sigurðardóttir sálfræðingur og velti fyrir sér hugmyndum um kynjahlutverk, jafnrétti og fleira en hún var í ársleyfi síðastliðinn vetur og nam kynja- og jafnréttisfræði við HÍ



Hér er fundi lokið í Borgarbókasafninu, formaðurinn Ingibjörg Adda með fangið fullt af því, sem fylgir hverjum fundi. Inga Stefánsdóttir, Halldóra Jónsdóttir og Dagný Emilsdóttir fylgjast með.

Nú í lok mars fórum við svo í höfuðborgina og hittum Kristínu R.Vilhjálmisdóttur á Borgarbókasafni Reykjavíkur. Hún hefur unnið þar að mjög áhugaverðu verkefni varðandi fjölmenningu og starf fyrir Íslendinga af erlendum uppruna.



Deildin úti að borða í Reykjavík eftir fundinn með Kristínu R. Vilhjálmsdóttur um fjölmenningu í Borgarbókasafninu.

Aðalfundurinn var haldinn 27. maí í Brúðuheimum í Borgarnesi. Við nutum leiðsagnar um þessa nýju ævintýraheima, sem lifnað hafa við í uppgerðum kaupfélagshúsum Englendingavíkur. Frábært framtak og merkilegt starf sem þarna blómstrar hjá Bernd Ogradnik brúðumeistara og Hildi konu hans. Á aðalfundinn kom Ingibjörg Jónasdóttir landsambandsforseti.



Ingibjörg Jónasdóttir forseti ávarpar fundinn í Brúðuheimum í Borgarnesi.

### Ný stjórn í Delta:

Elísabet Jóhannesdóttir formaður, Þórunn Reykdal varaformaður, Theodóra Þorsteinsdóttir meðstjórnandi og Halldóra Jónsdóttir ritari og Ingibjörg Adda Konráðsdóttir fráfaramandi formaður. Gjaldkeri er Jensína Valdimarsdóttir. Af þessari upptalningu má sjá og auðveldlega draga þá ályktun að starf í Delta-kappa gamma er ótrúlega gefandi og auðgar líf manns. Frá því ég byrjaði í þessum félagsskap hafa fundirnir alltaf verið tilhlökkunarefni og ótrúlegt hve mörgu merkilegu maður hefur kynnst.

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir

## Eε Epsilondeild

Starfið í vetur hjá Epsilondeild hefur verið fróðlegt og skemmtilegt nú í vetur sem endranær. Stöðugt er verið að vinna að því að fjölga konum í deildinni og nú liggur fyrir að fjórar nýjar munu bætast í hópinn á vordögum.

Haustið hófst á fundi í Sunnulækjarskóla á Selfossi þar sem Jóhanna Einarsdóttir námsráðgjafi sagði okkur frá forvarnarverkefninu *Flott án fíknar*. Jóhanna, sem er verkefnisstjóri *Flott án fíknar*, fór yfir tilurð verkefnisins og tengsl þess við UMFÍ. Verkefnið byrjaði 2008 í Sunnulæk sem ennþá er eini

skólinn á Suðurlandi sem tekur þátt í þessu verkefni. Markmið þess er m.a. að stuðla að heilbrigðri unglíngamenningu og heilbrigðu lífi og styðja við unglínga sem eru í góðum málum. Staðbundnir klúbbar gera samning við unglínginn og foreldra hans þess efnis að hann beri ábyrgð á sjálfum sér með hollu mataræði, góðri hreyfingu og séu án tóbaks og allra vímuefna. Klúbbarnir reyna að gera eitthvað skemmtilegt saman, gista í skólanum, halda stelpukvöld og strákakvöld o.s.frv. Í Sunnulækjarskóla eru allir nemendur 8. bekkjar og allir nema þrír nemendur 9. bekkjar meðlimir í klúbbnum. Á fundinn kom Kristín Rut Eysteinsdóttir meðlimur *Flott án fíknar* klúbbsins í Sunnulæk og flutti lag sem hún hafði samið í félagi við Guðfinnu Rós Gunnarsdóttur um kosti þess að vera "flott án fíknar". Síðan svaraði Jóhanna spurningum systra um starfsemina. Að því loknu sýndi hún systur skólann stafna á milli.

Árið 2010 hófst á því að þiggja heimboð Gammasystra þann 27. janúar í húsi Menntavísindasviðs HÍ (áður Kennaraháskóli Íslands). Þetta var mjög skemmtilegur fundur í frábærum systrahópi. Það kom í okkar hlut að flytja orð til umhugsunar og gerði Erna Ingvarsdóttir það með tilþrifum. Erna sagði þar sögur af samskiptum sínum við yngstu nemendurna en þeir eru eins og við vitum mestu hugsuðurnir. Erindi kvöldsins var síðan í höndum Jóhönnu Einarsdóttur dósents. Jóhanna sagði okkur frá starfendarannsókn sem hún er aðili að og lítur að samfelli milli leik- og grunnskóla. Það var mjög áhugavert að heyra um þessa rannsókn og við biðum spenntar eftir framhaldinu.

Í mars hittumst við Epsilonsystur í Grunnskólanum í Hveragerði þar sem Epsilonsystir okkar, Erna Ingvarsdóttir, sagði okkur frá mastersverkefni sínu sem hún lauk nú á vorönn. Erindið bar heitið „*Spinnum þráðinn saman*“, og var um starfendarannsókn sem hún vann að við Grunnskólann í Hveragerði og fjallaði um foreldrasamstarf. Erna er mikill áhugamaður um samstarf heimila og skóla og því valdi hún sér þetta efni í mastersritgerð sína. Margt fróðlegt kom fram í erindinu, s.s. rök með og á móti heimanámi, mikilvægi þess að kennarar heimsæki heimili verðandi 1. bekkjar nemenda, skólapróun og margt fleira fróðlegt.

Þegar þetta er ritað er verið að huga að aðalfundinum sem verður í maí þar sem ný stjórn verður kosin. Þá verða einnig fjórar nýjar konur teknar inn í deildina okkar.

*Vera Ósk Valgarðsdóttir, formaður Epsilondeildar DKG.*

### **Ný stjórn í Epsilon:**

Bolette Hoeg, Elín Hannibalsdóttir, Björg Björnsdóttir og Rut Guðmundsdóttir. Þær eiga eftir að skipta með sér verkum þannig að ekki er ráðið hver tekur að sér formannsstarfið. Þær stöllu Ingibjörg Jónasdóttir forseti samtakanna, Ingibjörg Einarsdóttir og Hertha W. Jónsdóttir mættu á síðasta fundinn okkar, sem var bæði innsetningarathöfn og aðalfundur. Þrjár nýjar konur gengu í hópinn sem var mjög gleðilegt og erum við því orðnar 27 talsins. Fleiri hafa sýnt áhuga og munu sitja fundi með okkur næsta vetur og þannig kynnast samtökunum. Eftir innsetningu var síðan aðalfundurinn og ný stjórn kosin.

Við Ingibjörg forseti ræddum m.a. það hvort við værum að gera rétt í því að kjósa stjórnina í einu lagi, án þess að kjósa formann sér. Ég leitaði að þessu í lögnum en fann hvergi neitt um þetta. Þetta hefur viðgengist svona hjá okkur í einhvern tíma og vel má vera að við séum að gera þetta vitlaust. Ingibjörg taldi að þetta þyrfti að skoða og samræma.

*Vera Ósk*

Við hugsuðum okkur að hafa þema vetrarins mannbætandi á einhvern hátt “Bætum lífið með breyttu hugarfari” Þá hugsum við okkur að fjalla um efni sem gætu bætt líðan og glatt okkur að einhverju leyti.



Frá inntöku nýrra félaga í Zetadeild

Starfið hófst með fundi á Ekkjufelli þann 5. sept. Þar flutti séra Lára G. Oddstóttir orð til umhugsunar. Hún talaði um bækurnar Daily prayer Walk eftir Mc Henry og Láru Guðmundsdóttur. Auk þess nefndi hún bókina Bænabandið, þeirri bók fylgir bænaband (armband) sú bók er eftir Martin Lönnebo.

Eymundur í Vallarnesi var aðalgestur fundarins. Hann fræddi okkur um starf sitt, sem er ræktun án tilbúins áburðar. Aðal framleiðsla núna er bygg. Hann gaf okkur að smakka morgungraut Gabríels með rjóma, þannig er hann notaður sem eftirrættur. Einnig fengum við byggbuff og smakkaðist það mjög vel.

28. sept. var haldinn fundur að Seljateigi í Reyðarfirði. Seljateigur er gamalt hús innan við þéttbýliskjarnann, Hildur Magnúsdóttir sagði frá sögu hússins og endurbótum þess, húsið er í eigu tengdafólks Hildar.

Við drógum allar gæfukort og lásum upp fyrir hópinn. Einn fundargesta Sigríður Herdís Pálsdóttir flutti erindi um starf Rauða Krossins á Austurlandi. Hún sinnir helst nýbúum og þá sérstaklega útlendingum, hjálpar þeim að komast inn í samfélagið. Jarþrúður las ljóðið “Heima” eftir Helga Seljan eiganda hússins.

9. nóv. var haldinn fundur í gömlu sjóhúsi á Eskfirði sem heitir “Randolfssjóhús” Ferðapjónustan á Mjóeyri er með starfsemina þar. Rekstraraðilar fræddu okkur um sögu hússins og starfsemi ferðapjónustunnar, sem er mjög fjölbreytt. Á þessum fundi gengu tvær nýjar félagskonur í deildina. Fundurinn var svolítið sérstakur þar sem ekki mátti kveikja á kertunum eins og venja er vegna eldhættu í þessu gamla húsi. Lesið var úr ljóðabókinni “Laðar nótt til ljóða” e. Braga Björnsson.

7. des. var haldinn fundur í Grunnskólanum á Fáskrúðsfirði. Lesið var ljóðið “Aðventa” eftir Hákon Aðalsteinsson í upphafi fundar. Við skoðuðum nýtt skólahús Grunnskólans, sem er mjög glæsilegt í alla staði. Líneik skólastjóri og félagskona sýndi okkur gamlar myndir frá Fáskrúðsfirði og var yfirskriftin “Franski bærinn Fáskrúðsfjörður.



Líneik flytur erindi um franska bæinn Fáskrúðsfjörð

Ein ný félagskona gekk í deildina. Skipað var í uppstillingarnefnd vegna stjórnarskipta sem fara fram í vor. Fundi lauk með því að allar sungum við “Bráðum koma blessuð jólin”

Ekki er veðrið alltaf eins og við vildum hafa það, 22. mars ætluðum við að halda fund að Staðarborg í Breiðdal en það skall á vont veður og ófærð og var fundinum frestað þar sem konur þurfa að fara yfir fjallvegi. Til gamans má geta þess að félagskonur eru orðnar 23 talsins í Z deild.



Zetasystur á góðri stund

### Ný stjórn í Zeta :

Hrefna Egilsdóttir aðstoðarskólastjóri Hallormsstaðaskóla er formaður deildarinnar, Björg Þorvaldsdóttir deildarstjóri sérkennslu Nesskóla Neskaupstað er varaformaður, Guðlaug Árnadóttir grunnskólakennari í Grunnskóla Reyðarfjarðar er ritari og gjaldkeri deildarinnar er Anna Margrét Birgisdóttir grunnskólakennari Grunnskóla Breiðdalshrepps og bókavörður á Breiðdalsvík.

Með félagskveðu.

Jórunn K. Sigurbjörnsdóttir, ritari

## Hη Etadeild

Etadeild Delta Kappa Gamma var stofnuð í Reykjavík 6. júní 1997. Deildarkonur eru 30, allar af höfuðborgarsvæðinu og starfa á ýmsum sviðum fræðslumála. Í deildinni eru tungumálakennarar, sérkennarar, námsráðgjafar, skólastjórnendur í grunn- og framhaldsskóla, kennari í upplýsingatækni, sjúkraþjálfari, háskólakennarar og fræðikonur á sviði menntamála.

### Markmið Etadeildar:

Að hafa forystu í faglegri umræðu

Að efla innbyrðis tengsl okkar

Að velja verkefni utan deildar til að vinna að

Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan

### Stjórn Etadeildar 2008-2010 er þannig skipuð:

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, formaður

Bryndís Sigurjónsdóttir, varaformaður

Inga Margrét Róbertsdótti, ritari

Kirsten Friðriksdóttir, gjaldkeri

Kristín Steinarsdóttir, vefstjóri



*Stjórn Eta-deildar 2008 – 2010 frá vinstri: Inga Margrét Róbertsdóttir, ritari, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, formaður, Kirsten Friðriksdóttir, gjaldkeri, Bryndís Sigurjónsdóttir, varaformaður.*

**Þemu Etadeildar:**

Nærsamfélagið: *Heilahristingur*, aðstoð við heimanám erlendra nemenda.

Innra starfið: virk þátttaka félaga í stjórnun og starfi deildarinnar.

**Starfsemin:**

Á starfstímanum hefur áhersla verið á að auka sjálfbæra stjórnun deildarinnar, með þátttöku allra deildarsystra. Skipulaginu var komið á í tveimur þrepum eins og fram hefur komið í fréttabréfum DKG frá vori 2009 og hausti 2009. Einnig hefur verið lagt kapp á að gera vefsíðu deildarinnar sem best úr garði til að hún nýtist sem sú upplýsingamiðja sem henni er ætlað að vera. Á starfstímanum voru tvær konur teknar inn í deildina og þrjár konur sögðu sig úr félagsskapnum. Aukin áhersla verður á fjölgun í deildinni á komandi árum.





*Tanya Dimitrova tekin inn í Eta-deild að hausti 2010*

#### **Fundir á starfsárinu 2009 – 2010**

**21. september:** Verslunarskóli Íslands – *Að styrkja innbyrðis tengsl okkar.* Skipt var í hópa og hópar lögðu drög að skipulagi funda vetrarins.

**29. október:** Fjölbautarskólinn í Breiðholti – *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að.* Ágústa Gunnarsdóttir kynnti *Innflytjendabraut við F B.*

**16. desember:** *jólafundur* haldinn á heimili Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur.

**17. febrúar:** Grand Hótel – *Að hafa forystu í faglegri umræðu.* Sigurrós Erlingsdóttir og Ósa Knútsdóttir kynntu *starfendarannsóknir* við Menntaskólann við Sund.



Sigurros Erlingsdóttir og Ósa Knútsdóttir kynntu *starfendarannsóknir* við Menntaskólann við Sund

**9. mars:** Norðlingaskóli – *Að auka samskipti við konur í öðrum deildum*. Þuríður J. Jóhannsdóttir sagði frá doktorsrannsókn sinni og bar erindið yfirskriftina *Frávik frá því venjulega. Mótsetningar sem uppspretta breytinga í kennaramenntun*. Gestir fundarins voru úr Gammadeild, þar á meðal forseti landssambandsins, Ingibjörg Jónasdóttir.

**19. apríl:** Aðalfundur. Litlu Brekku. Efni fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf: formaður og gjaldkeri skiluðu af sér skýrslum. Á aðalfundi var kjörin ný stjórn. Tilnefningar í stjórn fóru eftir því fyrirkomulagi sem deildin hefur markað sér – að hver hópur tilnefni á seinna starfsári stjórnar eina konu til setu í stjórn.



Frá aðalfundi: Gerður Guðmundsdóttir, Þórunn Blöndal, Auður Torfadóttir og Guðrún Geirsdóttir.

**Hrós Eta-deildar:** Á starfstímanum hafa fimm konur hafa hlotið hrós fyrir standa framarlega á sviði menntamála og að vinna markverð störf í þágu þeirra, þar af ein fyrir fleiri en eitt verkefni.

**Frekari upplýsingar um starfsemi deildarinnar eru á heimasíðu Etadeildar:** <http://dkg.muna.is/eta/>

Maí, 2009

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir

### **Ný stjórn í Eta:**

Auður Torfadóttir, formaður

Aðrir stjórnarmenn, Anna Magnea Hreinsdóttir, Ólöf Helga Þór, Þórunn Blöndal,

Endurskoðendur, Magnea Ingólfsdóttir og Hafdís Sigurgeirsdóttir

Vefstjóri: Kristín Steinarsdóttir



Þema vetrarstarfsins 2009-2010

### **Að leggja rækt við sjálfa sig.**

Undirmerkið stjórnar: Að fjölga félögum og fá þá félagar sem eru til að mæta betur.

Fyrsti fundur 26. október kl 19.00 var haldinn í nýju húsnæði Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum. Deildin bauð félögum á fyrirlestur Matta Oswaldar Stefánssonar um heilsu og hugarfar. Nýtt og glæsilegt húsnæði MSS var einnig skoðað auk hefðbundinna fundarstarfa. 19 félagar voru mættir.

Annar fundur 21. nóvember kl. 11.00-13.00 var haldinn heima hjá Guðbjörgu Sveinsdóttur. Hann var með jólaívaði og 4 nýir félagar voru teknir inn í deildina: Ása Einarsdóttir, Brynja Aðalbergsdóttir, Geirprúður Fanney Bogadóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir. Ingibjörg Jónasdóttir landsforseti og Hertha W. Jónsdóttir voru gestir. 19 félagar voru mættir.

Þriðji fundurinn var haldinn 12. janúar heima hjá Valgerður Guðmundsdóttur og var hefðbundinn bókafundur. 18 konur voru mættar. Listi yfir bækurnar er á vef deildarinnar.

Fjórti fundur var haldinn á Bóksafninu 10. mars og Jónína Benediktsdóttir var gestur fundarins og kynnti fyrir okkur Detox og ræddi svona almennt um heilsu kvenna. Kappasystur mættu á fundinn.

Fimmti fundur vetrarins verður haldinn í apríl og þá verður sennilega farið í leikhús.

Valgerður Guðmundsdóttir

## Ný stjórn í Þeta:

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður

Inga María Ingvarsdóttir

Bryndís Björg Guðmundsdóttir

Brynja Aðalbergsdóttir

## I 1 Jótadeild

Jótadeildin verður sex ára í vor, deildin er ung en starfið er samt komið í ákveðnar skorður t.d. með fjölda funda á ári og hvenær þeir eru haldnir. Félagskonur eru 23 og koma frá Bolungarvík, Ísafirði og Súðavík. Það sem einkennir konurnar í deildinni er að þær eru með mörg járn í eldinum, margar í framhaldsnámi, stjórnámum og félagsstörfum.

Steinunn Guðmundsdóttir er 2. varaforseti Framkvæmdaráðs DKG 2009-2011.

Anna G. Edvarðsdóttir hlaut styrk frá alþjóðasamtökum DKG vegna doktorsverkefnis síns sem hún vinnur að um þessar mundir, ein af tuttugu og þrem víðs vegar úr heiminum sem hlutu styrkinn.

Þema vetrarins var nýju skólalögin. Fyrsti fundur haustsins var haldinn í lok september í Grunnskólanum á Ísafirði þar sem fundarefnið var nýju leikskólalögin sem Sigurlína Jónasdóttir leikskólafulltrúi hjá Ísafjarðarbæ og félagskona í Jótadeild kynnti.

Annar fundurinn var í lok október í heimahúsi hjá Guðríði Sigurðardóttur. Þar voru kynnt nýju grunnskólalögin, Kristín Jónasdóttir grunnskólafulltrúi hjá Ísafjarðarbæ sagði frá og fór yfir helstu breytingar.

Þriðji fundurinn var hátíðlegur jólafundur í heimahúsi í Bolungarvík í boði Soffíu Vagnsdóttur. Félagskonur hlýddu á jólahugvekjur og þá voru teknar inn þrjár nýjar félagskonur. Forseti landssambands DKG, Ingibjörg Jónasdóttir, kom á fundinn og tók þátt í inntökuathöfninni og áttum við mjög ánægjulega kvöldstund með henni.

Fjórdi fundurinn var hinn árlegi bókafundur sem er alltaf haldinn í janúar og finnst öllum gaman að ræða jólabækurnar og heyra hvað félagskonur hafa verið að lesa. Fundarstaður var Bókasafnið á Ísafirði.

Fimmti fundurinn var í lok febrúar, um nýju framhaldsskólalögin. Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir námsráðgjafi við Menntaskólann á Ísafirði og félagskona í Jótadeild kynnti og útskýrði fyrir félagskonum en á þessum lögum verða mestar breytingar. Fundurinn var haldinn í MÍ og þá tókum við inn tvær nýjar félagskonur.

Sjötti fundurinn, í mars, var kynning á starfseminni í Fræðslumiðstöð Vestfjarða og var það félagskona okkar, Dagný Sveinbjörnsdóttir fulltrúi hjá Fræðslumiðstöðinni sem sagði okkur frá því líflega starfi sem þar fer fram, en Fræðslumiðstöðin er í sama húsi og Háskólasetrið og fjöldi annara rannsóknastofnana. Þaðan var haldið á veitingastað.

Sjöundi og síðasti fundurinn og jafnframt aðalfundur verður haldinn í apríllök.

### Ný stjórn í Jóta:

Ný stjórn í Jótadeild verður þannig 2010-1012: Soffía Vagnsdóttir formaður, aðrar í stjórn Aðalbjörg Sigurðardóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir, Sigurlína Jónasdóttir. Nýr gjaldkeri er Andrea Harðardóttir.

Kveðja, Edda B. Kristmundsdóttir

## KK Kappadeild

Kappadeildin okkar var stofnuð á 30 ára afmæli hjá Delta Kappa Gamma. Hún er 10. deildin sem stofnuð var innan samtakanna þann 28. mars 2007 en við erum við 25 konur í þessari deild. Deildarkonur eru allar af höfuðborgarsvæðinu og flestar eru úr Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ. Við höldum sex fundi á árinu og höfum við fundina ýmist í heimahúsum, á vinnustöðum Kappakvenna eða á veitingahúsum. Við völdum okkur þema vetrarins og fyrir þetta starfsárið er það: Mannúð og menning. Fannst okkur það eiga afar vel við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu en við vorum með hugstormun og þá komu ýmsar tillögur í ljós og má þar nefna; vináttu, lífsgildi og endurskoðun lífsgilda á krepputímum, nægjusemi, þakklæti, búhyggindi/slátur og skyr. Segja má að þetta sé visst afturhvarf til fortíðarinnar.



Kappasystur á jólafundi

Við höfum vetrarstarfið í húsi Rauða Krossins að Efstaleiti 9 en þar bauð okkur velkomnar okkar ágæti ritari og Kappasystir Sólborg Alda Pétursdóttir og kynnti hún hina víðfeðmu starfsemi samtakanna fyrir okkur. Hún sagði frá starfi sínu á landsskrifstofu Rauða krossins en hún starfar á innanlandssviði og er verkefnisstjóri félagslegra verkefna. Einnig sýndi hún okkur stutta mynd um stofnun Rauða

krossins, starfsemi á alþjóðavettvangi og á landsvísu. Farið var yfir vetrarstarfið, markmið samtakanna og góður tími var tekinn í spjall þar sem þetta var okkar fyrsti fundur.

Næsti fundur var haldinn í Setbergsskóla, en þar tóku þær Kappasystur Hrönn Bergþórsdóttir og Sigríður Ólöf Gunnlaugsdóttir á móti okkur. Þær kynntu meðal annars fyrir okkur Þróunarverkefnið „Læsi og námsvitund“ sem á sér stað í Setbergsskóla, en hann er forystuskóli í því verkefni og er unnið er með það í öllum árgöngum, á öllum skólastigum og í öllum greinum. Er það afar áhugavert. Við buðum tveimur góðum gestum til okkar á þennan fund, þeim Ingibjörgu Jónasdóttur, landsforseta og Margréti Dórótheu Sigfúsdóttur, skólastjóra. Hússtjórnarskóla Reykjavíkur. Margrét fjallaði á afar skemmtilegan hátt um búhyggindi og starfsemi skóla síns og féll það afar vel að markmiðum vetrarins. Ingibjörg hélt einnig tölu í lok fundarins og sagði okkur að einkunnarorð félagsins árin 2008-2010 væru „From mission to action“, eða „Látum hlutina gerast“. Hún hvatti okkur til að nota þessi orð sem hvatningu til að finna góða hluti sem eru að gerast í kringum okkur. Hún brýndi fyrir okkur að vera öflugar í starfi innan landsamtakanna, því margt er á döfinni hjá þeim. Í lokin bað hún okkur um að láta systrabelið blómstra á alla lund.-))



Sigríður Hulda Jónsdóttir varformaður Kappadeildar og Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur

Jólafundurinn okkar var haldinn á fagurlega skreyttu heimili Sigríðar Ólafar Gunnlaugsdóttur, Kappasystur okkar. Við vorum með léttar veitingar og óhefðbundnari fund en vant er. Leynigestur fundarins var Steinunn Sigurðardóttir, rithöfundur en hún gaf nýverið út bókina „Góði elskhuginn“. Hún las síðan upp úr bókinni sem fjallar um Karl Ástuson og sambandi hans við konur ekki síst móður sína. Hún ræddi síðan við okkur um bókina og svaraði fyrirspurnum bæði um hana og einkalíf sitt. Hún er mjög heilluð af sambandi mæðra og sona og sköpuðust heilmiklar umræður um það og hugtökin „að mæðra“ og „mæðrasynir“. Hún fór á kostum og heillaði okkur flestar upp úr skónum



Hlustað með athygli á jólafundinum

Við hittumst enn á ný á bóka fundi í febrúar í Öldutúnsskóla, en þar tók á móti okkur Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri og Kappasystir okkar. Þrjár konur í okkar deild höfðu samþykkt að segja okkur frá bók/bókum sem þær hefðu lesið um ævina og breytt lífi þeirra á einhvern hátt. Valgerður Gunnarsdóttir reið á vaðið en hún sagðist vera mikill bókaormur og fór vítt og breytt yfir sviðið í sínum pistli. Hún rifjaði upp helstu bækurnar sem hún las á mismunandi tímabilum í lífi sínu; krakkabækurnar, fullorðinsbækurnar, Íslendingasögurnar, bækurnar sem hún las á Noregsárunum, í öldungadeildinni, hlustaði á upplestur góðra bóka í útvarpinu (Á hljóðbergi), kvennabókmenntir og femínískar skáldsögur.

Erla Gunnarsdóttir sagði okkur af sjálfri sér en hún valdi bókina Af hverju afi? eftir Sigurbjörn Einarsson biskup. Hún hafði alist upp við sjónvarpsmessurnar um jólin og í minningunni var þetta bæði vitur og virtur maður. Þessi bók er flokkuð sem barnabók en hún á svo sannarlega erindi til allra.

Anna Kristín Sigurðardóttir fjallaði um bók Vigdísar Grímsdóttur Z en Vigdís er hennar uppáhaldshöfundur og bókin Z snart hana mjög. Vigdís afhjúpar bæði breyskleika og veikleika mannskepnunnar í bókum sínum. Anna Kristín las bæði fyrir okkur ljóð og kafla úr bókinni en kaflinn fjallaði um kvöld í lífi Arnþrúðar og Valgeirs þar sem allt fer úr böndunum vegna afbrýðissemi hennar og vakti lesturinn mikla kátínu hjá okkur.



Kátar Kappasystur!

Í mars funduðum við með þetakonum í Reykjanesbæ. Þema fundarins var „Að rækta sjálfan sig“. Fyrirlesari kvöldsins var Jónína Benediktsdóttir. Hún lýsti þeirri meðferð í ræktun líkama og sálar sem hún beitir á heilsuræktarstöð sinni á Ásbrú í Reykjanesbæ. Þar kom margt fróðlegt fram. Jónína sagðist hafa kynnst þessari aðferð í Póllandi fyrir fimm árum. Hún sagði að þetta hefði læknað hana sjálfa af lífsstílskrísunum. Hún var bæði skipulögð og skemmtileg en henni fannst samt að við værum margar ósköp þreytulegar.

Við vorum gestvínir þeirra þetasystra og tóku þær afar vel á móti okkur. Nutum við hollra veitinga í detox-stíl!

Auk þess að mæta sem flestar á landssambandsþingið hyggjumst við enda vetrarstarfið á aðalfundi í maí. Farið verður í rútu um miðjan dag og haldið á Mýrarnar í Borgarfjörðinn. Þar mun Anna Kristín opna sumarbústað sinn og sýna okkur svæðið. Hún er með góða aðstöðu og heitan pott. Við ákváðum að fara svona snemma til að hafa rúman tíma fyrir fundinn og einnig að geta sem best notið sveitarinnar og fegurðar landsins.

Við erum ákaflega þakklátar fyrir að vera Kappasystur. Við höfum kynnst svo vel í vetur og hlýtt á afar mörg góð „Orð til umhugsunar“ þar sem Kappasystur hafa gefið hver annarri hlutdeild í lífi sínu. Það hefur verið afar gefandi að kynnst nánar og það er mikill auður og viska sem býr innra með þessum fallega hópi.

Góðar stundir, M.Ó.

### **Ný stjórn í Kappa:**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður. Síðan á stjórnin eftir að skipta með sér verkum en með henni verða: Sigríður Johnsen, Erla Guðjónsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir.

Með bestu kveðjum, Marsibil fráfarandi formaður Kappa deildar.